

Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes



Reykjavík 15. mars 2017  
UST201702-117/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022, Borgarnes miðsvæði**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfissviðs Borgarbyggðar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 á miðsvæði Borgarness.

#### **Skipulagssvæðið**

Tillaga að ofangreindri breytingu nær til svæðis sem kallast M3 og er á miðsvæði Borgarness M. Í breytingunni felst að M reit verður skipt í tvo reiti M1 og M3. Nýr reitur M1 er áætlaður 5,3 ha. Nýr reitur M3 er áætlaður 0,7 ha og nær til lóðanna Borgarbraut 55, 57 og 59. Áætlað er að nýtingarhlutfall á nr. 55 verði 0,58, á nr. 57 verði 1,53 og á nr. 59 verði nýtingarhlutfall 2,09. Umhverfisstofnun bendir á að nýtingarhlutfall á Borgarbraut 57 og 59 er áætlað nokkuð hátt og er afar mikilvægt að ný byggð falli vel að byggðinni sem fyrir er.


#### **Hljóðvist**


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé að hljóðvist í áætlaðri byggð á reitnum, þ.e. að hljóðvist sé í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur